

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr: 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C92:11

Tekju- og gjaldaskipting í skráningum og skoðunum ökutækja

Úttekt gerð fyrir Bifreiðaskoðun Íslands hf.

1992

Efnisyfirlit

	bls.
1. Inngangur og helstu niðurstöður.....	1
2. Skipting rekstrargjalda og - tekna.....	3
2.1. Grunnar fyrir skiptingu á rekstrargjöldum.....	3
2.2. Skipting á óbeinum kostnaði.....	7
2.3. Skipting á rekstrargjöldum.....	11
2.4. Skipting á rekstrartekjum.....	14
2.5. Rekstrarreikningar fyrir árin 1991 og 1992.....	15
3. Afkoma fyrirtækisins.....	17
3.1. Afkoma skoðunar og skráningar.....	17
3.2. Afkoma fyrirtækisins þegar til lengri tíma er litið.....	20

1. Inngangur og helstu niðurstöður

Bifreiðaskoðun Íslands hf. hefur falið Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að gera úttekt á nokkrum þáttum sem tengjast starfsemi fyrirtækisins. Þessi greinargerð er einn liður í þeirri úttekt og í henni er ætlunin að skoða eftirfarandi þætti:

1. Skiptingu rekstrartekna og rekstrargjalda milli skoðunarstöðva annars vegar og milli skoðunar og skráningar hins vegar.
2. Afkomu fyrirtækisins miðað við núverandi aðstæður, stefnu þess og uppbyggingu í framtíðinni.

Hinn 27. apríl 1992 gaf dómismálaráðuneytið út reglugerð um starfshætti þeirra sem annast lögboðna skoðun ökutækja. Var þessi reglugerð sett með vísan til samþykkis stjórnar Bifreiðaskoðunar Íslands hf. í bréfi dagsettu 17. mars 1992 um að dómismálaráðuneyti heimili öllum þeim sem uppfylli kröfur reglugerðarinnar að skoða ökutæki almennri, lögbundinni skoðun.

Þessi ráðstöfun hefur í för með sér þá breytingu á stofnsamningi Bifreiðaskoðunar Íslands hf. og ríkissjóðs frá 10. ágúst 1988, að einkaleyfi Bifreiðaskoðunar til skoðunar á ökutækjum er afnumið en ákvæði um skráningar standa óbreytt. Tilgangurinn er að koma á frjálsri samkeppni í skoðun ökutækja þar sem verð á þjónustunni ákvarðast á markaði og krafan um faggildingu þjónustuaðilans samkvæmt staðlinum ÍST EN 45.004 á að tryggja gæði verksins.

Líklegt er að kostir frjálsrar samkeppni verði augljósastir á höfuðborgarsvæðinu, en u.þ.b. 60% allra ökutækja eru á því svæði. Aftur á móti er líklegt að samkeppnin á landsbyggðinni verði ekki eins mikil sökum þess að kostnaður við uppbyggingu og rekstur skoðunarstöðvar er tiltölulega hár, þar sem slík starfsemi þarf að fylgja kröfum staðalsins EN 45.004, og bifreiðar á landsbyggðinni eru of fáar og byggð of dreifð til að geta staðið undir kostnaði margra skoðunarstöðva í sama landshluta.

Tekjur Bifreiðaskoðunar skiptast í tekjur af skráningu og tekjur af skoðunum samkvæmt gjaldskrá sem dómismálaráðuneytið samþykkir. Tekjum fyrirtækisins er ráðstafað í sameiginlegan rekstur, arð af hlutafé, uppbyggingu skoðunarstöðva í öllum kjördæmum og til endurnýjunar á ökutækjaskrá.

Til þess að greina tekjur á móti sameiginlegum kostnaði af skráningu og skoðunum í því skyni að afla vitneskju um það, hvort tekjumyndunin milli þessara tveggja þátta sé rétt, fól Bifreiðaskoðun Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að gera úttekt á þessum þáttum í starfsemi fyrirtækisins.

Tekjur fyrirtækisins hafa minnkað milli árána 1991 og 1992, sem helgast af því að verð á skoðun lækkaði um 5% í maí 1991 og verð á númeraplötum og gerðarskoðunum lækkaði um 25% í maí 1992. Einnig stefnir í að rekstrarkostnaður fyrirtækisins hækki milli ára og skýringin er einkum sú að launakostnaður og annar rekstrarkostnaður hækkar vegna viðameiri skoðana í nýjum skoðunarstöðvum. Minnkandi tekjur og hækkun rekstrarkostnaðar leiða til þess að fyrirtækið verður líklega rekið með litlum hagnaði eða tapi á árinu 1992. Annar liður þessarar úttektar felst því í að skoða afkomu fyrirtækisins miðað við núverandi aðstæður, stefnu þess og uppbyggingu í framtíðinni.

2. Skipting rekstrargjalda og -tekna

Í þessum kafla hefur rekstrargjöldum Bifreiðaskoðunar Íslands hf. fyrir árin 1991 og 1992 verið skipt niður, lið fyrir lið, annars vegar í skoðun og hins vegar í skráningu svo sjá megi hver afkoma hvors þáttar er.

Fyrirtækið rekur skoðunarstöð í Reykjavík og á 12 stöðum víðsvegar um landið auk þess sem það hefur til umráða færanlega skoðunarstöð sem sinnir 24 stöðum á landinu. Einnig er skoðað tímabundið nokkrum sinnum á ári í leiguhúsnaði á 5 stöðum. Samanlagt er því skoðað á 42 stöðum á landinu öllu.

Kostnaði fyrirtækisins hefur verið skipt niður á fjóra flokka:

1. Á skoðunarstöðina í Reykjavík, sem er aðal stöðin, en þar fer öll starfsemi yfirstjórnar fyrirtækisins fram.
2. Á skoðunarstöðvar með fleiri en einn starfsmann.
3. Á svokallaðar einmenningsstöðvar en eins og nafnið gefur til kynna er þar aðeins einn starfsmaður. Undantekning frá þessu er skoðunarstöðin í Borgarnesi en hún er flokkuð sem einmenningsstöð þótt þar vinni tveir starfsmenn.
4. Á skoðunarstöð sem er færanleg milli staða.

2.1. Grunnar fyrir skiptingu á rekstrargjöldum

Í þessum kafla er gerð grein fyrir þeim grunnnum sem notaðir eru við skiptingu á óbeinum kostnaði milli annars vegar skoðunar og hins vegar skráningar.

A. Starfsmannafjöldi

1991	Yfirstjórn	Skoðun	Skráning	Samtals
Reykjavík	11,0	28,5	16,5	56,0
Akureyri, Selfoss og Keflavík		9,0	4,0	13,0
Einmenningsstöðvar		6,0	3,0	9,0
Færanleg skoðunarstöð		1,0		1,0
Samtals	11,0	44,5	23,5	79,0

Á árinu 1992 bætast við tveir skoðunarmenn í Reykjavík, einn starfsmaður í afgreiðslu og einn starfsmaður í tölvudeild auk sumarafleysingafólks. Í Borgarnesi og á Selfossi hefur verið bætt við einum manni og einnig hefur einum skoðunarmanni verið bætt við á færanlegu skoðunarstöðina.

1992	Yfirstjórn	Skoðun	Skráning	Samtals
Reykjavík	11,0	31,0	18,0	60,0
Akureyri, Selfoss og Keflavík		9,5	4,5	14,0
Einmenningsstöðvar		6,5	3,5	10,0
Færanleg skoðunarstöð		2,0		2,0
Samtals	11,0	49,0	26,0	86,0

Fjöldi starfsmanna í skrifstofubyggingu að Hesthálsi 8

	1991	1992
Yfirstjórn	11,0	11,0
Skoðun	11,5	12,0
Skráning	16,5	18,0
Samtals	39,0	41,0

Skipting á vinnutíma starfsmanna í skoðunarstöðvum á landsbyggðinni

Í einmenningsstöðvunum eru skoðaðir að jafnaði 11 bílar á dag og tekur hver skoðun um 25 mínútur. Miðað við að það taki 4,6 klst. á dag að skoða bifreiðar þá skiptist vinnutími starfsmanns á eftirfarandi hátt: 65,4% tímans fara í verk sem tengjast skoðun og 34,6% í verk sem tengjast skráningu bifreiða. Í þeim skoðunarstöðvum sem hafa fleiri en einn starfsmann skiptist vinnutíminn 70% í skoðunarstörf og 30% í skráningarstörf. Þau verk sem unnin eru í færanlegu skoðunarstöðinni tengjast að öllu leyti skoðun bifreiða.

B. Húsnæði

Húsnæðið að Hesthálsi 6-8 skiptist á eftirfarandi hátt:

Skrifstofubygging (neðri hæð)	340,2 fm
Skrifstofubygging (efri hæð)	340,2 fm
Skoðun (stórir bílar)	261,3 fm
Skoðun (litlir bílar)	631,8 fm
Samtals	1.573,5 fm

893,1 fm. er eingöngu notaður undir skoðun og skrifstofubyggingin, sem er 680,4 fm. tilheyrir bæði skoðun og skráningu. M.ö.o., 56,8% húsnæðis tilheyrir beint skoðun en 43,2% húsnæðis skiptist milli yfirstjórnar, skoðunar og skráningar.

Skrifstofubygging að Hesthálsi 8 skiptist á eftirfarandi hátt:

Miðað við að það starfi 41 starfsmaður að jafnaði í skrifstofubyggingu sem er 680,4 fm. þá notar hver starfsmaður rúmlega 17 fm. af gólfleti að meðtöldu mótuneyti. Ef gengið er út frá ofangreindu þá falla 11/41 hlutar skrifstofubyggingar í hlut yfirstjórnar eða 11,6% af heildarhúsnæði, 18/41 hlutar til skráningar eða 18,9% af heildarhúsnæði og 12/41 hlutar til skoðunar eða 12,7% af heildarhúsnæði.

Húsnæði skoðunarstöðva á landsbyggðinni skiptist á eftirfarandi hátt:

		Skoðun	Skrifstofa
Akureyri og Selfoss	778,0 fm	611,0 fm	167,0 fm
Einmenningsstöðvar	550,0 fm	436,0 fm	114,0 fm

Gert er ráð fyrir að skrifstofubygging skoðunarstöðva á landsbyggðinni skiptist jafnt á milli skoðunar og skráningar, þannig að u.þ.b. 89,5% af heildarhúsnæði skoðunarstöðva á landsbyggðinni er notað fyrir skoðun og 10,5% fyrir skráningu.

C. Vörusala

Sala á skráningarplötum

	1991	1992
Reykjavík	89,0 %	89,0 %
Akureyri, Selfoss og Keflavík	8,0 %	8,0 %
Einmenningsstöðvar	3,0 %	3,0 %
Samtals	100,0 %	100,0 %

Vörunotkun er skipt upp eftir sölu á skráningarplötum. Tekjur af sölu skráningarplatna eru flokkaðar með skráningartekjum og þess vegna fellur öll vörunotkun undir skráningu.

D. Fjöldi skoðaðra bifreiða árið 1991

Reykjavík	65.000	55,6 %
Akureyri, Selfoss og Keflavík	25.000	21,4 %
Einmenningsstöðvar	22.000	18,8 %
Færanleg skoðunarstöð	5.000	4,2 %
Samtals	117.000	100,0 %

E. Skipting skráningartekna

	1991	1992
Reykjavík	87,09 %	87,59 %
Akureyri, Selfoss og Keflavík	10,15 %	9,77 %
Einmenningsstöðvar	2,76 %	2,64 %
Samtals	100,00 %	100,00 %

F. Skipting heildartekna

	1991	1992
Reykjavík	73,60 %	72,64 %
Akureyri, Selfoss og Keflavík	14,55 %	14,76 %
Einmenningsstöðvar	9,80 %	10,34 %
Færanleg skoðunarstöð	2,05 %	2,26 %
Samtals	100,00 %	100,00 %

G. Skipting fyrninga

	1992	Skoðun	Skráning
Reykjavík	58,37 %	68,56 %	31,44 %
Akureyri, Selfoss og Keflavík	16,09 %	91,58 %	8,42 %
Einmenningsstöðvar	17,39 %	90,66 %	9,34 %
Færanleg skoðunarstöð	8,15 %	100,00 %	
Samtals	100,00 %	80,18 %	19,82 %

2.2. Skipting á óbeinum kostnaði

Rekstrargjöldum fyrirtækisins hefur verið skipt upp í beinan og óbeinan kostnað. Beinn kostnaður er sá kostnaður sem hægt er að taka beint út úr bókhaldinu og heimfæra á skoðun eða skráningu. Það sem flokkast undir óbeinan kostnað er sá kostnaður sem skipt hefur verið upp eftir grunnnum sem sýndir hafa verið hér á undan.

1. Yfirstjórn

Yfirstjórn fyrirtækisins starfar öll í Reykjavík og þar af leiðir er allur kostnaður vegna hennar skráður þar. En kostnaður vegna yfirstjórnar fellur til vegna öflunar tekna hjá öllum skoðunarstöðvunum í eigu Bifreiðaskoðunar Íslands hf. og því þarf að skipta honum niður milli þeirra. Yfirstjórn er skipt niður eftir starfsmannafjölda hverrar stöðvar og síðan í skoðun og skráningu eftir því hve margir vinna við hvora deild.

Yfirstjórn	1991	1992
	50.711.903	70.721.673

Hækkun á yfirstjórnunarkostnaði milli ára má fyrst og fremst rekja til hækkunar á kostnaði vegna sérfræðiaðstoðar.

2. Húsnæðiskostnaður

Rafmagn, hiti, viðhald húsnæðis, fasteignagjöld, váttryggingar og annar kostnaður húsnæðis er kostnaður sem skiptist eftir fermetrafjölda alls húsnæðis (sjá grunn B).

Ræstingar- og hreinlætiskostnaður skiptist eftir notkun á skrifstofuhúsnæði (sjá grunn B).

3. Áhaldakostnaður og viðhald

Áhöld og tæki á skrifstofu og viðhald áhalda og tækja skiptist eftir notkun hvorrar deildar á skrifstofuhúsnæði (sjá grunn B).

4. Rekstur bifreiða

Sex bifreiðar eru notaðar í Reykjavík og notast þær jafnt af starfsmönnum yfirstjórnar, skráningar og skoðunar. Kostnaði við rekstur bifreiða er því skipt jafnt niður milli þessara þriggja deilda.

Í skoðunarstöðvum á landsbyggðinni skiptist þessi kostnaður eftir fjölda starfsmanna sem vinna við skoðun og skráningu.

5. Ferðakostnaður

Í Reykjavík skiptist ferðakostnaður eftir fjölda starfsmanna í skoðun og skráningu (sjá grunn A). Á landsbyggðinni er þetta beinn kostnaður sem tengist ferðum starfsmanna vegna skoðun bifreiða.

6. Vigtun, losanir og snjómokstur

Þessum kosnaðarlið er skipt eftir húsnæðisstærð, bæði hjá skoðunarstöð í Reykjavík og hjá skoðunarstöðvum á landsbyggðinni.

7. Matarkostnaður, kaffikostnaður og mötuneyti

Þessi kostnaður skiptist eftir starfsmannafjölda (sjá grunn A).

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar kostnaður með og án vsk. er kostnaður sem tengist fyrst og fremst skrifstofuhúsnæði og skiptist hann á skoðun, skráningu og yfirstjórn eftir notkun á því húsnæði (sjá grunn B).

9. Símakostnaður

Í Reykjavík skiptast afnotagjöld, símtæki og viðhald símtækja eftir fjölda starfsmanna á skrifstofu (sjá grunn A).

Á landsbyggðinni er þessi kostnaður tengdur þeim vinnutíma sem talið er að fari annars vegar í skoðun og hins vegar í skráningu.

10. Prentunar- og pappírskostnaður

Sá kostnaður sem fellur undir bókhaldslykilinn, *prentun eyðublaða*, er meðal annars kostnaður við prentun skoðunarskýrsla og afgreiðslunóta. Samanlagt einingarverð á prentun slíkra eyðublaða er 7,01 kr. Til að skipta þessum kostnaði niður á skoðunarstöðvar er einingarverðið margfaldað með fjölda skoðana í hverjum flokki. Kostnaði við prentun skoðunarmiða hefur einnig verið skipt niður eftir fjölda skoðana (sjá grunn D).

Annar prentunarkostnaður á eyðublöðum skiptist þannig að 20% tilheyra skoðun og 80% skráningu.

11. Auglýsingar

Samkvæmt reynslu fyrri ára tilheyra 80% auglýsinga skoðun og 20% skráningu. Auglýsingakostnaður hefur að mestu leyti verið skráður á skoðunarstöðina í Reykjavík, en þar sem þær nýtast einnig skoðunarstöðvum á landsbyggðinni þá hefur þessum kostnaði verið skipt niður á milli stöðva eftir fjölda skoðaðra bifreiða á hverjum stað (sjá grunn D).

12. Kerfiskostnaður

Samkvæmt mælingum yfirmanns tölvumála hjá Bifreiðaskoðun Íslands hf. notar skoðunin um 10% af heildar kerfisbúnaði og skráningin um 90% af heildar kerfisbúnaði. Þessi kostnaður er skráður allur á Reykjavík en nýtist á öllum skoðunarstöðum landsins til öflunar tekna. Þar sem skráning notar kerfisbúnaðinn að mestum hluta þá er eðlilegast að skipta honum eftir hlutdeild skráningartekna hvernar skoðunarstöðvar í heildar skráningartekjum. Skoðunarstöðin í Reykjavík fær þannig u.þ.b. 87% í sinn hlut og skoðunarstöðvar á landsbyggðinni fá u.þ.b. 13% í sinn hlut (sjá grunn E).

Árin 1991 og 1992 hefur fyrirtækið verið að taka í notkun nýtt tölvukerfi og hefur stofnkostnaður bæði árin verið gjaldfærður. Þar sem þessi gjaldaliður flokkast að stærstum hluta undir skráningu og fyrirséð að hann falli niður á næsta ári þá skeykir hann kostnaðarhlutfallið milli skoðunar og skráningar. Stofnkostnaður tölvukerfisins hefur því verið afskrifaður á fimm árum í þessari úttekt.

Stofnkostnaður tölvukerfisins er SKÝRR samningur og kerfisforritun VKS. Árið 1991 voru gjaldfærðar 46.298.538 kr. af þessum kostnaði, og árið 1992 er áætlað að 29.900.000 kr. verði gjaldfærðar. Samanlagt eru þetta 76.198.538 kr. og ef reiknað er með að sérsmíðaður hugbúnaður afskrifist á 5 árum og hrakvirðið sé ekkert í lok endingartíma, þá er afskriftarupphæðin 15.239.708 kr. á ári miðað við línulega afskrift.

13. Rekstrarvörur á skrifstofu

Í Reykjavík skiptist þessi kostnaðarliður eftir fjölda starfsmanna á skrifstofu en á landsbyggðinni er honum skipt eftir notkun á skrifstofubýggingu (sjá grunn A).

14. Námskeiðskostnaður

Þessi kostnaður skiptist eftir fjölda starfsmanna sem vinna í hverri deild.

15. Skattar af rekstrargjöldum

Sköttum af rekstrargjöldum er skipt í sömu hlutföllum og rekstrargjöldin hafa skiptast á skoðun og skráningu.

16. Fyrningar

Skrifstofuáhöld og tæki, innréttingar, bifreiðar, tæki í skoðunarstöðvum og skoðunarstöðvar mynda heildarfyrningarstofn en hver liður um sig er afskrifaður um mismunandi mörg prósent á ári. Fyrningum hefur verið skipt niður á skoðun og skráningu á eftirfarandi hátt:

1. Fyrningar af skrifstofuáhöldum og tækjum skiptast eftir notkun á skrifstofu.
2. Fyrningar af innréttingum skiptast eftir notkun á skrifstofu.
3. Fyrningar af bifreiðum skiptast eftir notkun þeirra.
4. Fyrningar af tækjum í skoðunarstöðvum eru allar færðar á skoðun.
5. Fyrningar af húsnæði skoðunarstöðva skiptast eftir notkun á húsnæði.

17. Vaxtatekjur

Vaxtatekjum er skipt niður í sömu hlutföllum og heildartekjur skiptast á skoðun og skráningu (sjá grunn F).

18. Vaxtagjöld

Vaxtagjöld af skammtímaskuldum og vaxtagjöld sem flokkast undir "önnur vaxtagjöld" skiptast niður á deildir eftir rekstrargjöldum. Þóknun vegna greiðslukorta skiptist niður eftir tekjum skráningar og skoðunar. Þóknun vegna póstgíró skiptist niður eftir skráningartekjum (sjá grunn E). Vaxtagjöld af langtímalánum skiptast eftir fyrningum (sjá grunn G).

2.3. Skipting á rekstrargjöldum

Eftirfarandi töflur sýna niðurstöðutölur á skiptingu rekstrargjalda, annars vegar á milli skoðunarstöðva og hins vegar milli skoðunar og skráningar.

Skipting á rekstrargjöldum ársins 1991

Reykjavík	Skoðun	Skráning
Beinn kostnaður	72.959.730	66.546.653
Óbeinn kostnaður	38.995.234	46.814.441
Samtals	111.954.964	113.361.094

Akureyri, Selfoss og Keflavík	Skoðun	Skráning
Beinn kostnaður	25.922.065	8.874.627
Óbeinn kostnaður	11.093.899	9.036.080
Samtals	37.015.964	17.910.707

Einmenningsstöðvar	Skoðun	Skráning
Beinn kostnaður	26.255.720	9.339.719
Óbeinn kostnaður	8.956.429	5.894.358
Samtals	35.212.149	15.234.077

Færanleg skoðunarstöð	Skoðun
Beinn kostnaður	6.533.323
Óbeinn kostnaður	977.510
Samtals	7.510.833

Bifreiðaskoðun Íslands hf.	Skoðun	Skráning
Beinn kostnaður	129.189.857	84.760.999
Óbeinn kostnaður	62.504.054	61.744.880
Samtals	191.693.911	146.505.879

Skipting á rekstrargjöldum ársins 1992

Reykjavík	Skoðun	Skráning
Beinn kostnaður	94.053.023	73.525.012
Óbeinn kostnaður	50.186.329	58.073.535
Samtals	144.239.352	131.598.547

Akureyri, Selfoss og Keflavík	Skoðun	Skráning
Beinn kostnaður	26.003.093	12.405.756
Óbeinn kostnaður	12.344.296	9.973.171
Samtals	38.347.389	22.378.927

Einmenningsstöðvar	Skoðun	Skráning
Beinn kostnaður	22.965.212	10.183.960
Óbeinn kostnaður	10.101.130	6.702.896
Samtals	33.066.342	16.886.856

Færanleg skoðunarstöð	Skoðun
Beinn kostnaður	10.730.017
Óbeinn kostnaður	2.176.680
Samtals	12.906.697

Bifreiðaskoðun Íslands hf.	Skoðun	Skráning
Beinn kostnaður	151.270.363	96.114.728
Óbeinn kostnaður	77.289.417	74.749.602
Samtals	228.559.780	170.864.330

Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda á milli skoðunarstöðva

	1991	1992
Reykjavík	66,62 %	69,06 %
Akureyri, Selfoss og Keflavík	16,24 %	15,20 %
Einmenningsstöðvar	14,92 %	12,51 %
Færanleg skoðunarstöð	2,22 %	3,23 %
Samtals	100,00 %	100,00 %

Hlutfallsleg skipting rekstrargjalda á milli skoðunar og skráningar

1991	Skoðun	Skráning
Reykjavík	49,69 %	50,31 %
Akureyri, Selfoss, Keflavík	67,39 %	32,61 %
Einmenningsstöðvar	69,80 %	30,20 %
Færanleg skoðunarstöð	100,00 %	
Samtals	56,68 %	43,32 %

1992	Skoðun	Skráning
Reykjavík	52,29 %	47,71 %
Akureyri, Selfoss, Keflavík	63,15 %	36,85 %
Einmenningsstöðvar	66,19 %	33,81 %
Færanleg skoðunarstöð	100,00 %	
Samtals	57,22 %	42,78 %

Hlutur skoðunar hefur vaxið milli ára og má rekja það til þess að starfsmönnum sem sinna skoðunum hefur fjölgað meira en starfsmönnum skráningar.

2.4. Skipting á rekstrartekjum

Einkaleyfi Bifreiðaskoðunar Íslands hf. á skoðun ökutækja fellur niður árið 1994, en fyrirtækið mun eftir sem áður eitt hafa umsjón með skráningu ökutækja. Þar sem þetta er fyrirliggjandi hafa þeir tekjustofnar, sem ekki verður frjáls samkeppni um, verið flokkaðir sem tekjur vegna skráningar.

Tekjur skiptast á eftirfarandi hátt í skoðun og skráningu:

Skoðun:	Skráning:
Innheimtulaun	Skráningarplötur
Skoðunarmiðar	Heimamerki
Seinkunargjald	Reynslumerki
Námskeiðsgjald	Áskrift að bifreiðaskrá
	Upplýsingagjöf
	Álestur ökumæla
	Útseld vinna
	Úttekt og eftirlit verkstæða
	Akstur
	Önnur sala

Skipting á rekstrartekjum fyrir 1991

	Skoðun	Skráning
Reykjavík	152.146.118	231.487.307
Akureyri, Selfoss, Keflavík	51.896.383	23.947.691
Einmenningsstöðvar	44.160.545	6.906.997
Færanleg skoðunarstöð	10.709.782	
Samtals	258.912.828	262.341.995

Skipting á rekstrartekjum fyrir 1992

	Skoðun	Skráning
Reykjavík	146.510.700	197.431.573
Akureyri, Selfoss, Keflavík	50.393.298	19.496.185
Einmenningsstöðvar	43.418.056	5.542.555
Færanleg skoðunarstöð	10.684.644	
Samtals	251.006.698	222.470.313

2.5. Rekstrarreikningar fyrir árin 1991 og 1992

Á næstu síðu eru tvær töflur sem sýna rekstrarreikninga fyrir fjórar tegundir skoðunarstöðva og fyrirtækisins í heild fyrir árin 1991 og 1992. Einnig sýna töflurnar hvernig tekjur og gjöld fyrirtækisins greinast í skoðun og skráningu og hver afkoma hvors þáttar er hjá skoðunarstöðvunum og fyrirtækinu í heild.

Mismunur á afkomu fyrirtækisins í rekstrarreikningum hér og á afkomu fyrirtækisins í ársreikningi 1991 og fjárhagsáætlun 1992 er að kerfiskostnaður er afskrifaður á fimm árum sem leiðir til þess að rekstrargjöldin er hér sýnd lægri og afkoman því betri. Einnig er óreglulegum gjöldum sleppt.

Rekstrarreikningur 1991	Reykjavík		Akureyri, Selfoss og Keflavík		Einmenningsstöðvar		Færanleg skoðunarstöð		Bifreiðaskoðun Íslands hf.		
	Skoðun	Skráning	Skoðun	Skráning	Skoðun	Skráning	Skoðun	Skráning	Skoðun	Skráning	Samtals
Rekstrartekjur	152.146.118	231.487.307	51.896.383	23.947.691	44.160.545	6.906.997	10.709.782	258.912.828	262.341.995	521.254.823	
Rekstrargjöld	-111.954.964	-113.361.094	-37.015.964	-17.910.708	-35.212.149	-15.234.077	-7.510.834	-191.693.911	-146.505.879	-338.199.790	
Skattar af rekstrargjöldum	-1.818.950	-2.076.852	-686.708	-281.031	-589.316	-240.006	-222.414	-3.317.388	-2.597.889	-5.915.277	
Framlag rekstrar	38.372.204	116.049.361	14.193.711	5.755.952	8.359.080	-8.567.086	2.976.534	63.901.529	113.238.227	177.139.756	
Fyrningar	-13.638.688	-5.570.732	-3.436.970	-316.000	-2.627.104	-270.650	-3.198.792	-22.901.554	-6.157.382	-29.058.936	
Hagnaður án fjármagnsliða	24.733.516	110.478.629	10.756.741	5.439.952	5.731.976	-8.837.736	-222.258	40.999.975	107.080.845	148.080.820	
Vaxtatekjur	6.025.451	9.167.604	2.055.255	948.402	1.743.892	273.538	424.140	10.259.739	10.389.544	20.643.283	
Vaxtagjöld og verðbætur	-10.911.193	-7.040.101	-3.897.285	-648.661	-4.105.985	-523.004	-2.070.360	-20.984.724	-8.211.766	-29.196.490	
Hagnaður fyrir tekju- & eignaskatt	19.847.774	112.606.133	8.914.711	5.739.692	3.374.983	-9.087.202	0	30.268.990	109.258.623	139.527.613	
Tekju- & eignaskattur	-6.755.785	-34.076.722	-3.634.216	-3.181.720	-1.965.920	0	0	-12.355.921	-37.258.442	-49.614.363	
Hagnaður af regluglegri starfsemi	13.091.989	78.529.411	5.280.496	2.557.972	1.409.063	-9.087.202	-1.868.478	17.913.069	72.000.181	89.913.250	

Rekstrarreikningur 1992	Reykjavík		Akureyri, Selfoss og Keflavík		Einmenningsstöðvar		Færanleg skoðunarstöð		Bifreiðaskoðun Íslands hf.		
	Skoðun	Skráning	Skoðun	Skráning	Skoðun	Skráning	Skoðun	Skráning	Skoðun	Skráning	Samtals
Rekstrartekjur	146.510.700	197.431.573	50.393.298	19.496.185	43.418.056	5.542.555	10.684.644	251.006.698	222.470.313	473.477.011	
Rekstrargjöld	-144.239.352	-131.598.547	-38.347.389	-22.378.926	-33.066.342	-16.886.856	-12.906.697	-228.559.780	-170.864.329	-399.424.109	
Skattar af rekstrargjöldum	-1.880.994	-2.012.006	-676.320	-290.680	-558.249	-270.751	-222.000	-3.337.562	-2.573.438	-5.911.000	
Framlag rekstrar	390.355	63.821.020	11.369.599	-3.173.422	9.793.465	-11.615.052	2.444.053	19.109.356	49.032.546	68.141.902	
Fyrningar	-16.388.116	-7.516.417	-6.033.975	-555.092	-6.458.828	-665.721	-3.337.785	-32.218.704	-8.737.230	-40.955.934	
Hagnaður án fjármagnsliða	-15.997.761	56.304.603	5.335.614	-3.728.514	3.334.638	-12.280.774	-5.781.838	-13.109.348	40.295.316	27.185.968	
Vaxtatekjur	3.239.555	4.365.486	1.114.266	431.088	960.033	122.554	236.270	5.550.125	4.919.127	10.469.252	
Vaxtagjöld og verðbætur	-11.291.542	-6.902.521	-3.999.722	-627.395	-4.246.839	-512.785	-2.164.648	-21.702.751	-8.042.701	-29.745.452	
Hagnaður fyrir tekju- & eignaskatt	-24.049.748	53.767.568	2.450.159	-3.924.821	47.832	-12.671.005	-7.710.216	-29.261.974	37.171.742	7.909.768	
Tekju- & eignaskattur	0	-1.909.367	-36.829	-53.804	0	0	0	-36.829	-1.963.171	-2.000.000	
Hagnaður af regluglegri starfsemi	-24.049.748	51.858.201	2.413.330	-3.978.624	47.832	-12.671.005	-7.710.216	-29.298.803	35.208.571	5.909.768	

3. Afkoma fyrirtækisins

3.1. Afkoma skoðunar og skráningar

Í eftirfarandi töflum er sýnd afkoma skoðunar og skráningar hjá fjórum tegundum skoðunarstöðva árin 1991 og 1992.

Hagnaður/tap af reglulegri starfsemi árin 1991 og 1992

1991	Skoðun	Skráning
Reykjavík	13.091.988 kr.	78.529.411 kr.
Akureyri, Selfoss, Keflavík	5.280.496 kr.	2.557.972 kr.
Einmenningsstöðvar	1.409.063 kr.	(9.087.202) kr.
Færanleg skoðunarstöð	(1.868.478) kr.	
Samtals	17.913.069 kr.	72.000.181 kr.

1992	Skoðun	Skráning
Reykjavík	(24.049.748) kr.	51.858.201 kr.
Akureyri, Selfoss, Keflavík	2.413.330 kr.	(3.976.473) kr.
Einmenningsstöðvar	47.832 kr.	(12.808.710) kr.
Færanleg skoðunarstöð	(7.710.216) kr.	
Samtals	(29.298.803) kr.	35.208.571 kr.

Niðurstaða

Til þess að láta skoðun og skráningu sýna jafna afkomu árið 1991 þá hefðu tekjur skoðunar þurft að vera 10,5% hærri og tekjur skráningar 10,3% lægri.

Til þess að láta skoðunina og skráninguna sýna jafna afkomu árið 1992 þá þurfa tekjur skoðunar að hækka um 12,85% og tekjur skráningar að lækka um 14,5% .

Rekstrartekjur og rekstrargjöld færanlegu skoðunarstöðvarinnar eru færð á skoðanir eingöngu. Sjá má á ofangreindum töflum að færanlega skoðunarstöðin er rekin með tapi árin 1991 og 1992. Hægt er að bæta afkomu skoðunar um rúmlega 16 mkr. árið 1992 ef færanlega stöðin yrði lögð niður og ökutæki skoðuð í öðrum stöðvum, m.ö.o. rekstrartap skoðunarhlutans færi niður í 5% af tekjum skoðunar í stað 11% áður.

Eftirfarandi útreikningar sýna breytingu á rekstrarafkomu Bifreiðaskoðunar Íslands hf. fyrir árið 1992 ef færanlega skoðunarstöðin væri ekki í rekstri.

Forsendur

1. Rekstrartekjur haldast óbreyttar þar sem ökutækin verða skoðuð í öðrum stöðvum.
2. Rekstrargjöld lækka þar sem breytilegur kostnaður færanlegu skoðunarstöðvarinnar fellur niður en fastur kostnaður helst óbreyttur, þ.e. yfirstjórnunar- og auglýsingakostnaður.
3. Skattar af rekstrargjöldum lækka þar sem rekstrargjöld lækka.
4. Gert er ráð fyrir að færanlega skoðunarstöðin verði seld og þar af leiðandi falla fyrningar af henni niður.
5. Vaxtatekjur breytast ekki þar sem tekjur haldast óbreyttar.
6. Vaxtagjöld vegna færanlegu skoðunarstöðvarinnar falla að öllum líkindum niður, en það fer þó eftir söluandvirði stöðvarinnar, þ.e. hvort söluandvirði nægi fyrir eftirstöðvum af lánum.

	Skoðun
Rekstrartekjur	251.006.698
Rekstrargjöld	(217.829.763)
Skattar af rekstrargjöldum	(3.115.562)
Fyrningar	(28.880.919)
Vaxtatekjur	5.550.125
Vaxtagjöld og verðbætur	(19.538.103)
Tekju- og eignaskattur	(36.829)
Hagnaður af reglulegri starfsemi	<u>(12.844.353)</u>
Afkoma skoðunar	(12.844.353)
Afkoma skráningar	<u>35.208.571</u>
Afkoma fyrirtækisins	22.364.218
Jöfn afkoma skoðunar og skráningar	11.182.109

	Skoðun	Skráning
Rekstrartekjur	275.033.160	198.443.851
Rekstrargjöld	(217.829.763)	(170.864.329)
Skattar af rekstrargjöldum	(3.115.562)	(2.573.438)
Framlag rekstrar	54.087.835	25.006.084
Fyrningar	(28.880.919)	(8.737.230)
Hagnaður án fjármagnsliða	25.206.916	16.268.854
Vaxtatekjur	5.550.125	4.919.127
Vaxtagjöld og verðbætur	(19.538.103)	(8.042.701)
Hagnaður f. tekju- og eignaskatt	11.218.938	13.145.280
Tekju- og eignaskattur	(36.829)	(1.963.171)
Hagnaður af reglulegri starfsemi	11.182.109	11.182.109

Tekjur skoðunar þurfa að hækka um 10% til að skoðun og skráning sýni jafna afkomu, í stað 13% áður. Tekjur skráningar þurfa að lækka um 11% til að skoðun og skráning sýni jafna afkomu, í stað 14,5% áður.

3.2. Afkoma fyrirtækisins þegar til lengri tíma er litið

Þróun tekna

Tekjur fyrirtækisins lækka milli árunna 1991 og 1992, og má fyrst og fremst rekja það til þess að skoðun bifreiða lækkaði um 5% í maí 1991 og verð á númeraplötum og gerðarskoðunum lækkaði um 25% í maí 1992. Þetta þýðir að fyrirsjáanleg lækkun á tekjum á þessu ári er 47,7 milljónir.

Þróun kostnaðar

Rekstrargjöld hækka milli árunna 1991 og 1992 um 61,2 milljónir. Munar þar mestu um hækkun launa um 37 milljónir milli ára.

Kennitölur

Veltufjárhlutfall 1991 var 95% en stefnir í 44% á þessu ári.

Lausafjárhlutfall 1991 var 88% en stefnir í 35% á þessu ári.

Af ofangreindu má sjá að við blasa miklar breytingar á afkomu fyrirtækisins þetta ár.

Rekstrarfé

Hreinar rekstrarinngreiðslur, þ.e. rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum, fyrirtækisins verða að standa undir eftirtöldum útgreiðslum:

Vaxtagjöldum.

Afborgunum af lánsfé.

Fjárfestingum og það sem eftir kann að vera, er til greiðslu arðs.

Í töflu á bls. 22 hefur verið sett upp greiðsluáætlun fyrir fyrirtækið fram til ársins 2000, svo sjá megi hvort hreinar rekstrarinngreiðslur miðað við núverandi aðstæður standi undir áður tilgreindum útgreiðslum í framtíðinni.

Skýringar við greiðsluáætlun á bls. 22

Árið 1991 er sett upp m.v. ársreikning og árið 1992 er sett upp m.v. fjárhagsáætlun.

Árin 1993- 2000 eru sett upp m.v. eftirfarandi forsendur:

1. Hreinar rekstrarinngreiðslur eru óbreyttar frá árinu 1992.
2. Vaxtatekjur lækka niður í 2 milljónir 1993 og haldast óbreyttar, þar sem innistæður fyrirtækisins fara lækkandi vegna fjárfestinga.
3. Reiknað er með 10% vöxtum af skuldum.

4. Opínber gjöld haldast óbreytt frá 1992 þar sem reiknað er með að fyrirtækið sé rekið m.v. núverand ástand, þ.e. með tapi eða litlum hagnaði.
5. Fyrirtækið gerir ekki ráð fyrir fjárfestingum eftir 1993.
6. Miðað er við að greiddur sé 10% arður af hlutafé og hlutafé haldist óbreytt.
7. Afborganir af langtímalánum eru reiknaðar miðað við greiðsluskilmála hvers láns fyrir sig og miðað er við að ný lán, sem tekin eru á árinu 1992-1994 séu, greidd niður á 10 árum með jöfnum afborgunum.
8. Verðbólga er engin.

Niðurstaða

Miðað við gefnar forsendur þá þarf fyrirtækið á auknu rekstrarfé að halda frá og með árinu 1995, ef það á að geta staðið við skuldbindingar sínar. Fjárvöntunin er á bilinu 3-19 mkr. á ári.

Rekstrarfé fyrirtækisins má auka á þrennan hátt:

1. Hækka þjónustugjöldin.
2. Lækka rekstrarkostnað.
3. Lengja endurgreiðslutíma langtímalána.

Miðað við gefnar forsendur er fyrirtækið rekið með engum eða mjög litlum hagnaði sem leiðir til þess að arðsemi eigin fjárs er engin eða afar lág.

	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Uppruni										
Rekstrartekjur	518.770.633	472.064.328								
Rekstrargjöld	-363.313.792	-412.132.468								
Hreinar rekstrarinngr.	155.456.841	59.931.860	59.931.860	59.931.860	59.931.860	59.931.860	59.931.860	59.931.860	59.931.860	59.931.860
Vaxtatekjur	15.094.448	10.469.253	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000	2.000.000
Vaxtagjöld	-21.773.749	-25.240.083	-25.368.744	-30.070.245	-27.738.281	-23.695.308	-19.585.457	-15.409.065	-11.148.044	-6.793.750
	-6.679.301	-14.770.830	-23.368.744	-28.070.245	-25.738.281	-21.695.308	-17.585.457	-13.409.065	-9.148.044	-4.793.750
Opinber gjöld	-55.879.357	-48.527.014	-7.000.000	-7.000.000	-7.000.000	-7.000.000	-7.000.000	-7.000.000	-7.000.000	-7.000.000
Tekin langtímalán	80.171.585	37.000.000	80.000.000	15.000.000	0	0	0	0	0	0
Önnur fjárfloun	23.137.910	64.839.061	0	0	0	0	0	0	0	0
	103.309.495	101.839.061	80.000.000	15.000.000	0	0	0	0	0	0
Samtals	196.207.678	98.473.077	109.563.116	39.861.615	27.193.579	31.236.552	35.346.403	39.522.795	43.783.816	48.138.110
Ráðstöfun										
Fjárfesting	175.215.535	118.096.000	54.600.000	0	0	0	0	0	0	0
Arður	5.855.000	8.000.000	9.000.000	9.000.000	9.000.000	9.000.000	9.000.000	9.000.000	9.000.000	9.000.000
Afborganir langt.sk.	13.366.286	27.678.491	32.984.995	38.319.633	40.429.736	41.098.506	41.763.924	42.610.209	43.542.938	22.944.957
Keypt hlutabréf	1.000.000									
Samtals	195.436.821	153.774.491	96.584.995	47.319.633	49.429.736	50.098.506	50.763.924	51.610.209	52.542.938	31.944.957
Breyting á handbæru fé	770.857	-55.301.414	12.978.121	-7.458.018	-22.236.158	-18.861.954	-15.417.521	-12.087.413	-8.759.121	16.193.153
Handbært fé í ársbyrjun	88.949.013	69.168.734	13.867.320	26.845.441	19.387.423	-2.848.735	-21.710.689	-37.128.210	-49.215.624	-57.974.745
Handbært fé í árslok	89.719.870	13.867.320	26.845.441	19.387.423	-2.848.735	-21.710.689	-37.128.210	-49.215.624	-57.974.745	-41.781.593
Nauðsynleg aukning á hreinum rekstrarinngræðslum					2.848.735	18.861.954	15.417.521	12.087.413	8.759.121	